

800 hús tæmd í Eyjum

Þegar Þjóðviljinn hafði samband við bæjarskrifstofurnar í Vestmannaeyjum í gærkvöld var ástandið óbreytt frá því um daginn. Vindurinn beindi ösku og vikurfallinu á haf út og því hafði ekkert bæzt við öskulagið í bænum. A fimmtu síðu blaðsins er frásögn Sigurdórs Sigurdórssonar fréttamanns Þjóðviljans í Eyjum og kemur þar m.a. fram að 800 hús hafa verið tæmd.

Tala íbúða er 247

Rauða krossinum hefur nú borizt vitneskja um að tala húsnæðis á lausu sé 247. Mest allt er þetta íbúðarhúsnæði, en á mismunandi stigi, þ.e.a.s. allt frá fókheldu húsnæði og upp í það að vera tilbúið til að flytja inn í það.

Rauði krossinn hefur ekki haft ráðrúm til að vinna úr þeim upplýsingum sem honum hefur borizt, hversu mikið af þessu húsnæði er af hvaða íbúðarstærð, hversu mikið einstaklingsherbergi, né aðrar upplýsingar í þessa veru.

17,4 miljónir hafa komið inn í söfnun Rauða krossins vegna hamfaranna í Vestmannaeyjum.

Nákvæmt skipulag björgunar starfsins

Nú er komið nákvæmt skipulag á björgunarstarfið í Vestmannaeyjum. Hefur björgunarstarfinu verið skipt í sex deildir og yfirmenn deildanna koma einu sinni á dag saman til þess að fá yfirlit og gera skýrslu um atburðina. Fjöldi manns vinnur að því að bjarga búslóðum, ryðja gjalli af húsum, af vegum og hafnarstæði o.s.frv. Það eru Bjarki Eliasson yfirlögregluþjónn og Páll Zóphoniasson bæjarverkfræðingur sem hafa forustu um daglega skýrslugerð af björgunarstarfinu.

Íslendingar í Höfn hefja fjársofnun

Alltaf fjölgar þeim aðilum sem hefja fjársafnanir vegna gossins í Vestmannaeyjum. Þessar safnanir ná langt út fyrir landhelgina eins og sjá má af því að félag Íslendinga í Kaupmannahöfn eru farin af stað með söfnun til handa Vestmannaeyingum. Má telja vist að fleiri Íslendingafélag fylgi fordæmi þeirra í Höfn.



Sigurdór Sigurdórsson tók þessa mynd í Eyjum. Hún sýnir glögt hversu þar er umstaðar umhofs. En mennirnir á myndinni halda ótrauðir áfram björgunarstarfi sínu — og þannig mun þjóðin ótrauð axla þann vanda sem skapast vegna náttúruhamfaranna í Eyjum — með samstilltu átaki.

Stjórnvöld sökuð um sinnuleysi um björgunarstörf

ALGERLEGA RAKA- LAUSAR ÁSAKANIR

— segja formaður og ritari Almannaávarnaráðs

— Aðstoð bandarískra aðila aldrei hafnað

Öll skrif og sögusagnir um sinnuleysi stjórnvalda um björgunarstörf í Vestmannaeyjum og að hafnað hafi verið aðstoð hersins á Keflavíkurflugvelli við þau eru uppsuni einn og tilhæfalaus með öllu, sögðu formaður almannaávarna-

ráðs, Pétur Sigurdórsson, og ritari ráðsins, Ólafur Volter Stefánsson, í viðtali við Þjóðviljann í gær.

Þjóðviljinn sneri sér til þessara aðila vegna skrifna má. Alþýðublaðsins og Vísis, en þó einkum Morgunblaðsins á sunnudag og í gær, þar sem því er haldið fram má. að ríkisstjórn Íslands hafi

stungið boði Bandaríkjanna um stöðning undir stól og tilboð hersins á Keflavíkurflugvelli um aðstoð sé smíðgengið eins og hægt sé.

Pétur Sigurdórsson sagði má. að skrif blaðamanna Morgunblaðsins um þetta atriði væru óyfirveguð tilfinningaskrif og ættu ekki við rök að styðjast. Ríkisstjórnin Frh. á bls. 15

Fjórir togararar hafa stöðvazt í verkfalli

— Verkfall togarasjómannna stendur ennþá yfir og höfum við ekki viljað aflýsa þessu verkfalli, þrátt fyrir tilmæli ríkisstjórnar, sagði Jón Sigurdórsson, formaður Sjómannasambands Íslands.

Togarin Bjarni Benediktsson hefur fengið leyfi til þess að reyna

vélar skipsins og komast í veltung. Hins vegar fær hann ekki leyfi til þess að fara á veiðar vegna verkfallsins.

Verkfallið kom til framkvæmda á miðnætti aðfararnótt 23. janúar. Síðast var haldinn sáttafundur á föstudag er stóð fram á nótt. Hefur ekki verið boðað til sáttafundar á nýjan leik, sagði Jón. g.m.

LÍTIL LOÐNU- VEIÐI

Lítill loðnuveiði var í fyrri-nótt og var bræla framan af nóttu. Þá stóð loðnan djúpt og ekki tæk í loðnunót. Nokkrir bátar voru á Seyðisfjarðardýpi um nóttina. Hafa bátar verið að flytja sig í dag á miðin við Hvalbak.

Þróarpláss er nú uppið í Neskaupstað. Komu þessir bátar með slatta þar í dag: Vörður ÞH, Óskar Halldórsson, Helga II, Kópnesið og Jón Garðar. Voru þessir bátar með 60 til 130 tonna afla og fylltu þrærnar hjá Sildarvinnslunni. eru nú tæp 6 þúsund tonn í þró. Bræðsla gengur heldur hægt hjá loðnu-bræðslunni á Neskaupstað.

Þá komu tveir bátar til Seyðisfjarðar í gærmorgun. Helga RE og Þórður Jónas-son. Voru þeir með um 200 tonna afla.

Vondu veðri er spáð á loðnu-miðum eystra. g.m.

Loðnuverðið kr. 1.96 á kg.

Bræðsluverð á loðnu hefur nú verið akveðið af yfirfined verðlagsráðs sjávarútvegsins. Frá og með 1. janúar til 28. febrúar kr. 1.96 á kg., en kr. 1.76 á kg. frá 1. marz til 15. maí.

Er verð þetta miðað við, að verksmiðjgur greiði 5 auru af hverju kg. í sérstakan sjóð, sem fyrirhugað er að stofna til þess að greiða fyrir dreifingu loðnuafllans á vinnslustaði.

Stofnað sam-band málm- og skipasmiða

Laugardaginn 27. jan. síðastliðinn var haldinn á hóteli Loftleifa stofnfundur Sambands málm- og skipasmiða (skammta-af S.M.S.) Stofnendur eru: Bilgreinasambandið, Félag Blíkksmiðjueigenda, Félag Dráttarbrauta- og skipamiða og Meistarafélag járnöðarmanna. Sambandið er heildarsamtök vinnuveitanda í málm og skipasmiði, og er starfsmannafélagið fyrirtækja innan sambandsins hátt á þriðja þúsund nú við stofn- um sambandsins.

Tilgangur sambandsins er í stuttu máli, að sameina öll málm- og skipasmiðafyrirtæki í einn félagsskap, og vinna að fram- gangi hinna fjölmörgu hags- munamála íbúfyrirtækja innan þessara löngreina.

Rétt til inngöngu í Sambandið hefur sérhvert sérgreinafélag vinnuveitanda innan málm- og skipasmiðaböngreina.

A stofnfundi sambandsins var kjörin sambandsstjórn, sem er skipuð 10 mönnum auk fram- kvæmdastjórnar, en fram- kvæmdastjórnina skipa eftir- taldir aðilar: Þórður Gröndal for- maður, Geir Þorsteinsson frá Bil- greinasambandinu, Sveinn A. Sæmundsson frá Félagi Blíkks- miðjueigenda, Jón Sveinsson frá Félagi Dráttarbrauta- og skipa- smiða og Steinar Steinsson frá Meistarafélagi járnöðar- manna.

Skrifstofa sambandsins verður fyrst um sinn í húskynnum Meistarafélags járnöðarmanna að Garbrastræti 41 Reykjavík.

ÓLAFSVÍK:

Bodin aðstaða, húsnæði, vinna og 300 þúsund krónur

A fundi hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps, 27. jan. 1973, var gerð eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Ólafsvíkur- hrepps sendir bæjarstjórn Vest- mannaeyja og öllum íbúum Vest- mannaeyja hugheilar samúðar- kvæðjur vegna þeirra væluu nátt- úruhamfara sem dunið hafa yfir Vestmannaeyjar.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps lýsir yfir, að hún sé til reiðu að veita alla þá aðstoð og hjálp, sem hreppsfélagið hefur aðstoð og getu til að láta í té, jafnframt ákvað hreppsnefndin að beina

þeim tilmælum til íbúa Ólafsvíkur, fyrirtækja, stofnana og félagsamtaka, að kanna nú þegar, allt sem hægt er að gera, er verða má Vestmannaeyingum til styrktar.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps samþykkt að senda nú þegar bæjarstjórn Vestmannaeyja 300.000,00 krónur — þrjú hundruð þúsund— til styrktar bæjarsjóði Vestmannaeyja.“

Þá ákvað hreppsnefndin að auglýsa eftir aðstöðu fyrir Vest- mannaeyinga í Ólafsvík, húsnæði og atvinnu og skipuleggja almenna fjársöfnun.

Utarríkisráðuneytið

Vegna um- mæla Alec

Vegna ummæla, sem höfð eru eftir Sir Alec Douglas-Home í Morgunblaðinu, vill Einar Agustsson, utarríkisráðherra, taka fram eftirfarandi:

A ráðherra fundinum í Reykjavík 27. og 28. nóvember 1972 lögðu Bretar til, að veiðar brezkra togara á Íslandsmiðum yrðu takmarkaðar við ákveðna tölu úthaldsdaga, þannig að um 10% fækkun á úthaldsdögum væri að ræða. Töldu Bretar, að þessi aðferð mundi gefa af sér 25% minna aflamagn en þeir fengu árið 1971, sem var óvenjuggott afslár. Þetta tilboð var tekið til athugunar af Íslands hálfu. Lauk Reykjavíkurfundinum þannig.

Þegar ég hitti Sir Alec Douglas-Home í Bruxelles í desember sagði ég honum, að þessi tillaga væri ekki aðgengileg fyrir okkur, m.a. vegna þess, að eftirt veiri að hafa eftirlit með framkvæmd slíkra aðgerða. Væri því nauðsyn- legt að fleira kæmi til, og þá heilt að athuga sameiningu á tveimur aðferðum, þ.e. takmörkun úthaldsdaga og svæðafyrirkomu- lagi. Ég sagði að nauðsynlegt

væri að vita hversu langt Bretar vildu ganga til samkomulags áður en áfstaða væri tekin til þess, hvort formlegar víðræður gætu orðið að gagni. Sir Alec kvæðst geta fallið á, að fleiri en einni aðferð væri beitt til að ná sama marki, ef heildarniður- staðan breyttist ekki mikið, þ.e. ef mismunandi aðferðum væri ekki bætt hverri ofan á aðra. Á þessum grundvelli afhenti Sir Alec tillögu um, að auk tilboðsins frá nóvemberfundinum yrði einu svæði af sex umhverfis landið lokað til skiptis í 2 mánuði í senn. Áð athuguðu máli var talið að þetta tilboð væri ekki aðgengi- legt, og skýrði ég frá því í orð- sendingu minni til Sir Alec hinn 19. janúar s.l. Lagði ég jafnframt áherzlu á, að ríkisstjórn Íslands væri reiðubúin til frekari við- ræðna ef hagstæðari tillögur kæmu frá brezku ríkisstjórninni. Eila væri bilið milli sjónarmiða ríkisstjóra Íslands og Bretlands enn of breitt til að nýr fundur gæti komið að gagni.

Utarríkisráðuneytið Reykjavík, 30. janúar 1973.

Forn spjöll fira

Gosið á Heimaey er ekki til að spauga með. Allir, sem hönd löguðu að björgunarstarfi síðustu viku, hafa án nokkurs vafa gert það eftir beztu eigin meiningu og getu. Það er því ekki af ilkvitni og skilnings- leysi, þótt bent sé á faein villi- blómstur í gögjurtagarðinum.

Arni seikðkarl Jónsen þylur harðsnuin fráði í sunnudags- morgga. Hann byrjar að forn- um hætti á að tíunda þekkingu sína til að vekja traust á sér einsog vólvan í upphafi Völu- spár: Nú man eg heima osfrv.

Fyrst upplýsir hann, að „eldgos geti hvarvetna komið upp á Íslandi.“ Jarð- fræðingarnir hans, „sem þekka gleggst til að sjálf- sögu“ (A.J.), segja okkur hinsvegar, að einungis sé um að ræða þrjú jarðeldabæti á landinu.

Þessar hörmungar eru (amk. í meðföllum Mbl. á greininni) notaðar til lúalegra árasa á ríkisstjórnina fyrir „mestu vanhírðu og sleifarlag, sem íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi sýnt.“ Í greininni er ævinlega talað um íslensk „stjórnvöld“ (sem lagalega þýðir ríkisvald), en aldrei td. um bæjarstjórn Vestmanna- eyja eða Almannavarnir, sem mestu virðast þó hafa ráðið fyrstu dagana eftir að fólkíð kom til lands. En það var auð- vitab ekki von, að blaka mætti við Almannavörnum, því að „Jóhann Hafstein barðist fyrir því, að hér yrði komið upp al- mannavörnum“, einsog væki- lega er áreittað í Reykjavík- urbréfi sama dag. Nei, það skulu vera íslenskir ráðherrar, sem „sitja með hendur í buxnavö- um og horfa á aðgerðalausir.“ Þvílíkur tvískjaldaleikur Mbl., einsog að hæla



óhultan stað. En þær eru einsog guð: hjálpa þeim sem hjálpa sér sjálfir, líkt og skilja mætti á forstöðumanni þeirra ekki síður en biskupi. Vest- mannaeyjaflotinn flutti nefni- lega 4/5 fólksins hjálparlaust í land. Hinsvegar virðast Al- mannavarnir með skrífinsku og höttum hafa þvælt heldur fyrir harðdug- legum Eyjamönnum, sem vildu heim til hjálparstarfs og þótti hart að þurfa að sækja um leyfi til slíks. Þetta var alveg réttur þúktur hjá Arna Johnsen, og þar voru Almannavarnir slakari en guð. 1:0 fyrir gamla manninn. Í annan stað skorti stjórn fyrstu dagana úti í Heimaey, svo að hver hygði ekki bara að sínu, heldur væri gengið skipulega á húsin eftir hættu- röðinni.

Þáttur „varnarliðsins“ í þessu öllu saman er harla smár, og þarf það engan að undra, þótt sumum þyki súrt. Vart mun það hafa verið af pólitísku ofstæki hjá Sigurðni lögreglustjóra og Petri sjó- lífsforingja, að framboðin og velmeitt aðstoð líðsins var ekki meira notuð í fyrstu, heldur munu þeir hafa stjórnað af hinni ósjálfráðu mannlegu skyngsemi, sem gripur menn á alvörustund- um. Íslendingar voru einfald- lega mun færari um að annast þetta sjálfir, því að þeir þekka sitt land betur. Þyrlur herliðsins geta td. illa at- hafnað sig í vikri og gjall- regni, þrátt fyrir göðan vilja, en íslenskir flugmenn gjör- þekkingu sína lendingarmögu- leika á þessum stað.

Hermennirnir hafa enda aldrei verið til þess ællaðir að bjarga neinu eða verja neitt hérlandis. Sérþjálfun þeirra er því miður dráp og eyðilegging, en ekki björgun mannlífa. Loks voru þeir beðnir að flytja rollur og hænsni frá Eyjum til lands, en tókst aldrei að ná nema þriðjungu þeirra sakir lendingarörðugleika. Þá tók okkar eigið Fraktflug við og skilaði sauðfönu og fjórué á skömmum tíma til lands. En hvílik dyrd, hvílik dásemd hefði það verið fyrir suma, ef „varnarliðið“ hefði bjargað Vestmannaeyingum, en ekki þeir sjálfir.

Arni Björnsson

GJALLSTEINAR Á VIKURHAUG

Næst segir Arni fráði: „aldrei fyrr í gossögu hnattarins hefur eldgos komið upp svo nærri byggð.“ Hvernig var þá með Pompei árið 79? Hvernig var þá með Krakatá árið 1883, þegar 35000 manns fórust? Og hvernig var það með St. Pierre á Martinique, þegar Mont Pelé gaus árið 1902 og 30 þúsund fórust á svipstundu? Rámar suma kannski ekki í þessa smámuni, af því þarna drapst bara bláfatékt fólk.

Í þriðja stað fráði hann okkur á því, að „nokkur- veginn sé vitab um hvernig eldgos á Íslandi.“ Það er nú svo. Ég held enginn jarð- fræðingur hafi treyst sér til að fulllyrða, hvernig gosið mundi

hegða sér fyrstu dagana. Þá ræddu þeir jafnvel um þá hættu, að sprungan lokaðist og nýr gígur opnaðist, jafnvel í miðjum kaupstaðnum.

Seiðurinn

En hvert er svo meginefni seiðsins eftir þennan traust- vekjandi inngang? Hér skal ekki lagður dómur á þá karl- mennskulegu tillögu að moka og söpa gótur látaust, meðan gosið stendur, og fara ónd- verður gegn náttúruöflunum, sem jafnvel Egill Skalla- grímsson gafst upp við. Í fyrsta lagi má skilja einlæg og aðrættarlausar til- finningar heimaborinna Eyja- manna, og í öðrungi er ekki vist þetta sé með öllu óraun- hæft. Amk. mundi gerlegt fyrir mannafla að moka jafn- óðum ofanaf húsum, svoað þök brustu ekki undan sí- vaxandi víkurþunga.

Hiitt er öllu skuggalegra, að

Almannavörnum uppi hástert á einni síðunni, en láta þægustu blákur sínar ófrægja pólitíska andstæðinga á þeirri næstu, er ekkert eindæmi þessa alvörudaga. Í smáum en skýrum mæli birtist víðlika óheðarleiki sl. föstudag. Þá ólmast flórsteinninn á 4. síðu úti óvenjuskátt síðuhorn hjá úp um íbúðir fyrir Vest- mannaeyinga eða Kana í Keflavík, umsnýr því og rang- færir af hjartans fúlmennsku. En slík meðhöndlun í stak- steinum er öruggt merki þess, að ásteytingarsteinninn hafi verið göðra gjalda verður.

Sama dag barst Mbl. hins- vegar gagnmerkt einróma samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur um sama efni. Eftir venjulega samúðar og stuðningsyfirlýsingu, sem öll sveitarfélög gefa, komu hin áþreifanlegu hjálparúrræði: „Bæjarstjórn Keflavíkur samþykkir að tela bæjarstjóra að rita varnarmálaeidd utar- ríkisráðuneytisins og skora á hana að varnarliðið rými sem allra flestar íbúðir í Keflavík, sem á vegum þess eru hér í bæ, með það fyrir augum, að unnt verði að hagnýta íbúðirnar fyrir Vestmanna- eyinga.“ Þessari uppbygg- legu samþykkt holar Mbl. niður undir algerlega litlausri fyrirsögn: Keflavíkingar lýsa stuðningi við Eyjaskeggja. Svona getur hálfssannleikur fyrirsagnar jabrað við fólsum fréttar.

Sitthvað um varnir

Um starf Almannavarna má ugglaustr margt gott segja, einkum í því að greiða fyrir fólki, sem þegar er komið á

Bæjarstjórn Húsavíkur:

Álagningarprósenta útsvara verði 11%

Bæjarstjórn Húsavíkur gerði eftirfarandi samþykkt á fundi sínum þann 25. janúar.

Bæjarstjórn Húsavíkur sendir Vestmannaeyingum kvæðjur sínar og lýsir aðdaun sinni á æðrúleysi þeirra í víðureign við náttúruöflin. Bæjarstjórn Húsa-

víkur býður fram alla þá fjár- hags- og félagslega aðstöð sem henni er unnt að veita í samvinnu við bæjarstjórn Vestmannaeyja. Bæjarstjórn Húsavíkur hefur í dag sent hæstvirtum félagsmála- ráðherra eftirfarandi skeyti: „Vegna náttúruhamfaranna í

Vestmannaeyjum bendir bæjar- stjórn Húsavíkur á þá hugmynd að þær leyfið aukaaág á yfir- standandi ári, sem myndi sjóð til styrktar Vestmannaeyingum. Álagningarprósenta verði hin sama á alla útsvarsgræiðendur í landinu og ákveðist af yður.“

Vinnumiðlun Eyjabúa:

Húsnæði og atvinna þarf að haldast í hendur

Rætt við Jón Kjartansson, formann Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, um atvinnuvandamál Vestmannaeyinga

Jón Kjartansson, formaður Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, hefur aðsetur í Hafnarbúðum og er einn af þeim sem sér um vinnumiðlun Eyjabúa. Við spyrjum hvernig málin standa og hvort Vestmannaeyingar séu byrjaðir að huga að vinnu í landi.



Vilborg Sigurðardóttir, formaður verkavennafélagsins Snótar, og Jón Kjartansson, formaður Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, svara fyrirspurnum varðandi atvinnuálag Eyjabúa. (Ljós m. sj)

Fólk á erfitt með að taka ákvarðanir

— Það er lítið um það að fólk hafi ráðið sig til vinnu. Menn eru annaðhvort úti í Eyjum, eða að reyna að komast þangað til að bjarga sínu. Fólk er ráðvillt ennþá, menn halda dauðahaldi í vonina um að komast aftur til Eyja, og eiga því erfitt með að taka ákvarðanir. Við vinnum að því af fullum krafti að koma fólkinu fyrir, en það sem mér finnst einna verst, er að húsnæðisframbod og það hvert atvinnutækin fara helzt ekki í heldur. Pláss eins og Eyrarbakki og Stokkseyri geta t.d. tekið við talsvert mörgu fólki, en þá mega bátarnir ekki allir lenda suður með sjó. Slíkt gæti skapað vandræðaástand þegar fram í sækir.

Við höfum fengið mörg tilboð

um atvinnu, en það strandar aftur og aftur á sama hlutum — það vantar húsnæði. Fólk er rétt að byrja að huga að því að fá sér vinnu. Keflvíkingar hafa sýnt mikinn myndarskap með því að opna sjálfir skrifstofu.

Barnaheimili í Selinu

Við gátum útvegað fólki húsnæði í Ölfusborgum og þar er orðið alveg fullt. Við erum að vinna að því að koma upp barnaheimilisáðstöðu, höfum fengið loforð um að fá Selu (skólalæsi menntaskólans) til þeirra hluta. Starfsfólk barnaheimilisins í Vestmannaeyjum er tilbúið að fara þangað. Mér skilst að það séu milli 60-70 börn í Ölfusborgum, sem fara í skóla í Hveragerði, og það er búið að leysa þann vanda.

Mesti vandi okkar er í sambandi við bátana, við vitum ekki nákvæmlega hvar þeir verða staðsettir. Formennirnir eru kannski ekki tilbúnir að samþykka hvaða stað sem er, og þetta er það erfiðasta, að láta húsnæði og atvinnuöguleika haldast í hendur.

— Það má búast við að málin verði nokkuð óljós í vikunna eða svo?

— Eg geri ráð fyrir að við vitum nokkuð nákvæmlega hvar við stöndum eftir helgina.

— Telurðu ekki til bóta þegar kaupstaðir og kaupþún setja upp eigin skrifstofu til að aðstoða ykkur?

— Já, tvímælalaust. Þeir hafa miklu meiri yfirsýn yfir atvinnu-

Frh. á bls. 15

Suðurnesjamenn hafa enn frumkvæðið: Ræddu sjálfir við hernaðaryfirvöld

Suðurnesjamenn sitja ekki auðum höndum þessa dagana. Auk þess að reka miðlunarskrifstofu fyrir Vestmannaeyinga í Keflavík, fóru í gær tveir fulltrúar sveitarfélaganna þaðan upp í herstöðina í Miðnesheiðinni að ræða við yfirmenn þar um framkvæmd samþykktar bæjarstjórnarinnar í Keflavík um brottflutning Ameríkumanna úr byggðinni.

— Það er eins og þeir hafa alltaf sagt barna efra, sagði Jóhann Einvarðsson bæjarstjóri í Keflavík. — Þeir vilja allt fyrir okkur gera, eins og margsinnis hefur komið fram varðandi þessi mál. Við ákváðum í dag að þeir skyldu athuga hvaða áhrif þeir gætu haft á tilfærslu sinna manna, eftir að

við höfum gert statistik yfir þörfina. Við munum hitta þá aftur að máli á fimmtudaginn vegna þessa máls. Eg tek það fram að málin eru rædd af mjög mikilli vinsemd af báðum aðilum, og ég tel að þau muni verða rædd þannig áfram, enda hafa þeir sýnt okkur mikil líflegheit varðandi lán á bílum og öðru.

— Það virðist einhver seinangangur á bréfi ykkar til utanríkisráðuneytisins um brottfærslu Ameríkumanna úr Keflavík. Veiztu nokkuð hversu langt bréfið er komið áleiðis?

— Utanríkisráðherra sagði í útvarpi á mánudagskvöld að formleg beiðni frá okkur hefði ekki komið til utanríkisráðuneytisins. Eg hringdi því í morgun (þriðjud.) til að fá einhverja bragabót á því, sem ég taldi mig vera búinn að gera, því á föstudagsmorguninn hringdi ég og las erindið fyrir starfsmann varnarmáladeildar og sá um að bréfið færi í póst þá um leið, sem það gerði. Bréfið mun síðan hafa borizt varnarmáladeild um kaffileytið á mánudag. En það vakti nokkra undrun hjá bæjarbúum

hér, að svo virtist sem ég hefði ekki sent bréfið frá mér, og ég var ekki neitt sáttur á það.

— Er eitthvað sem við gatum komið á framfæri og gæti auðveldað ykkur störfina á miðlunarskrifstofunni?

— Ef þið vilduð koma því á framfæri, að allir Vestmannaeyingar sem fluttir eru til Suðurnesja, hvort sem þeir eru komnir í húsnæði eða vantar húsnæði, láti okkur vita hvar þeir eru niðurkomnir. Það er margur sem hefur tekið að bjarga sér sjálfur um húsnæði og slíka vantar okkur að vita um, því það eru margir Eyjamenn sem koma hingað og vilja vita hvar þessi eða hinn er niðurkominn, og það eina sem menn vita oft á tíðum er, að sá sem um er spurt er einhvers staðar á Suðurnesjum.

— Hvað hafa margar umsóknir um húsnæði borizt ykkur?

— Við höfum ekki komizt yfir að telja þær, en þær eru komnar eitthvað talsvert á annað hundrabið. Hins vegar erum við búnir að leysa húsnæðisvanda um það bil 50 fjölskyldna hér á Suðurnesjum. — úp

Öllum tækjum Sjómannaskólans var bjargað

Ýmsum hefur leikið forvitni á að vita hvort tæki Sjómannaskólans í Eyjum brunnu inni er skólahúsið brann. Búið var að bjarga öllum tækjunum og flytja þau til Reykjavíkur.

Langdýrasta byggingin í Eyjum, fyrir utan frystihúsin ef til vill, er nýi spítalinn, sem búið var að verja til 150-160 milljónum króna. Búið er að negla fyrir alla glugga hússins og koma fyrir dýrum tækjum eins og röntgen-tækjum, í vestrálmú spítalans.

Náttúrugripasafnið ekki flutt í land

Hið gullfallega sjó-dýrasafn eða akvarium Náttúrugripasafnsins í Vestmannaeyjum, sem ekki á sinn líka hér á landi og þótt víðar væri leitað, verður áfram í Eyjum fyrst um sinn, að því er Friðrik Jessen safnvörður og kennari sagði Þjóðviljanum.

Hann sagði, að ákveðið hefði verið í samráði við Rannsóknaráð ríkisins og dr. Finn Guðmundsson að láta

náttúrugripasafnið eiga sig þar sem það er á meðan það væri ekki í hættu, en það er til húsa á sama stað og Slökkvístöðin á Heiðarvegi 12. Sjálfur fóðraði Friðrik lifandi fiskana meðan hann var í Eyjum, en meðan hann er í landi annast það Bjarni Sighvatsson og lög-reglan til skiptis.

Friðrik fer aftur til Vestmannaeyja nú í vikunni og tekur við safninu. Hann sagðist ekki sleppa fiskunum og öðru lifandi í safninu nema bæjarstjórnin skipaði svo fyrir og ekki haggja öðrum gripum safnsins, en meðal þeirra er að finna marga fágæta muni.

Ákveðið hafði verið að sleppa selnum, sem safnið átti, í sjóinn, en þegar til átti að taka ottabíst lögreglan að hann gæti ekki lifað eftir að hafa verið svo lengi á safninu og var hann skotinn, — að öþörfu, sagði Friðrik.

Sjálfur býr Friðrik í timburhúsi við Miðstræti austan Skólavegar, þannig að hús hans er nú á hættusvæði og hefur verið neglt fyrir glugga. Hann sagðist að lokum viss um að Vestmannaeyingar mundu snúa aftur heim um leið og fært væri og moka upp það sem þyrfti til að geta búið þar. — úh



Friðrik Jessen í akvaríu náttúrugripasafnsins í Eyjum

Fyrirspurnum svarað

Fundur var settur í sameinuðu þingi kl. 14.00 í gær. Ráðherrar svöruðu þar fyrirspurnum. Að loknum fundi sameinaðs þings voru fundir í báðum þingdeildum, og var á þeim fundum afgreift sem lög frumvarp um bráðabirgðabreytingu á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum.



Þingsjá Þjóðviljans

Fyrirspurn um eftirlit með skilum söluskatts

Geir Gunnarsson bar fram fyrirspurn til fjármálaráðherra um það, hvort hann hefði í hyggju að beita lagaheimild frá 30. janúar 1970 til notkunar peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öllu söluskattsskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármá-

aráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram.

Einnig spurði Geir, hvort til greina gæti komið að beita lagaheimildinni á þann veg að skylda einstakar verzlunar og afgreiðslustaði til að nota slíka peningakassa um tiltekinn tíma.

Geir benti á, að samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs sé áætlaður söluskattur 5456 milljónir króna. Oneitanlega væri hér um stórar fjárhæðir að ræða, og ekki væri víst að allur inn-

heimtur söluskattur kæmist til skila. Samþykkt Alþingis 1970 benti oneitanlega til þess, að þingmenn hefðu talið nauðsynlegt að herða eftirlit með því, að innheimtum söluskatti væri skilað.


Fjármálaráðherra, Halldór E. Sigurðsson, sagði, að þessari heimild hefði ekki verið beitt enn. Ráðherra sagði, að það væri mat ymissa sérfræðinga, að slíkir peningakassar kæmu ekki alltaf að tilæluðum notum. Sjóðvælar og strímlar úr lokuðum peningakössum gerðu oft sama gagn. Því

væri þó ekki að heilsa í smærri fyrirtækjum. Ráðherra taldi þó, að notkun slíkra peningakassa gæti í sumum tilfellum verið æskileg.

Hann sagði, að lögin um söluskatt væru til endurskoðunar í fjármálaráðuneytinu og innan tíðar mætti vænta nýs lagafrumvarps um þessi mál.

Geir Gunnarsson sagðist fagna nýju frumvarpi. Hann hefði þó meiri trú á umræddum kössum en ymsir sérfræðingar. Það gæti veitt mikil abhald, að skylda verzlunar til að hafa slíka kassa um ákveðinn tíma, einkum ef þeim væri gert skylt að hengja upp áberandi auglýsingu til neytenda, þar sem þeir eru hvattir til að taka við greiðslunotu.

Hann sagðist vilja ítreka, hve hér væri um háar fjárupphæðir að ræða. Í því sambandi benti hann á, að ef reiknað væri með því, að þær 5.456 milljónir króna, sem talið er að komist til skila af söluskatti 1973, væru aðeins 95% af innheimtum söluskatti, þá misfærust hvorki meira né minna en 287 milljónir króna. Enn verri er útkoman, ef skilaprósentan er lægri. Enginn veit þó, hver skilaprósentan er. Því er nauðsynlegt að tryggja að allur innheimtur söluskattur komist til skila, og umræddar fjárhæðir sýna, að til þess má nokkru kosta.



Geir Gunnarsson.

Fyrirspurn um kostnað ríkisins vegna utanferða

Karvel Pálmason (SFV) bar fram fyrirspurn til fjármálaráðherra um það, hversu mikill kostnaður ríkisins og ríkisstofnana hefði verið á síðastliðnu ári vegna utanferða og hvort fjármálaráðuneytið eða fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefði eitthver eftirlit með því, að kostnaður þessi sé innan hæfilegra marka.

Fjármálaráðherra kvæðst ekki vita um kostnað vegna utanferða árið 1972, en sagði að starfsmenn ráðuneytis síns hefðu gert skrá um þennan kostnað hjá ráðuneytinu og nokkru ríkisstofnunum fyrir árið 1971. Skráin, sem samin var í desember síðastliðnum, væri þó ekki tæmandi. Í ljós kom, að kostnaður vegna utanfara ráðherra 1971 hafði verið tæpar tvær milljónir króna, en ferðakostnaður starfsmanna ráðuneytisins og ymissa aðila, er þau höfðu á einn eða annan hátt styrkt til utanferðanama á sama ári tæpu 14 milljónum króna.

Ráðherra sagði, að ekki væri unnt að hafa hönd í bagga með hvernig ráðuneytin ráðstöfuðu fé til ferðalaga, svo framarlega sem þau fjáruhlát væru innan ramma fjárlaga. Hann kvæðst þó viss um, að sá 15% niðurskurður á fjárveitingum til ráðuneyta, sem ákveðinn var nú í fjárlögum, mundi draga úr utanferðum.

Fyrirspurn um vistheimilið í Breiðuvík

Ingólfur Jónsson (S) bar fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um, hve margir drengir gætu dvalið í Breiðuvík, hversu margir dveldu þar nú og hve margir drengir hefðu dvalið þar að meðaltali síðastliðin ár. Ingólfur sagði, að vistheimilið hefði lengið starfað með myndarbrag, en nú gengi orðrómur um, að starfsemi væri þar minni en áður. Þetta væri undarlegt, því að afbrot unglinga hefðu fært í vext að undanförunu. Hann spurði, hvi vandræðadrengir væru ekki sendir til Breiðuvíkur.

Menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, rakti sögu vistheimilisins í stuttu máli. Hann sagði, að þar gætu í hæsta lagi dvalið 14 drengir við mikil þrengsli. Æskilegast væri, að þeir væru ekki fleiri en 12. Sem stendur eru þar aðeins 3 drengir. Alls hefðu 11 drengir dvalið á heimilinu síðastliðin ár um lengri eða skemmri tíma. Undan farin ár hefur drengjum á heimilinu fækkað stórlega, t.d. voru þar árið 1967 11 drengir og 10 brautskráðust það ár.

Orsakir fækkunarinnar eru margþættar. Í upphafi hefðu verið teknir á heimilið bæði eldri og yngri drengir, en 1967 lagði próf. Símon Jóh. Agústson til, að aðeins væru teknir drengir á aldrinum 10 til 12 ára, og hefði því verið fylgt. Einnig stafaði fækkunin af því, að Barnaverndarnefnd Reykjavíkur bæði ekki um vistun jafnmargra drengja þar og áður, en meiri hluti drengjanna hefði löngum verið úr Reykjavík. Menntamálaráðuneytið hefur haft samband við stjórnarnefnd Uppþökuheimilisins í Kópavogi um framtíð Breiðuvíkurheimilisins, og sagði ráðherra, að enn hefði ekkert verið fast afbráð um hvað gert yrði í þessu máli.

Öll dómsmálastjórn frá Eyjum til Rvíkur

Að loknum fundi í sameinuðu þingi voru fundir í báðum þingdeildum, og var þar samþykkt sem lög frumvarp um bráðabirgðarskipan dómsmála í Vestmannaeyjum vegna náttúruhamfaranna

þar. Í lögum þessum er ákveðið, að embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum skuli fyrst um sinn vera í Reykjavík og að þar skuli heimilt að framkvæma allar embættisathafnir, er

undir embættið heyra. Einnig eru þar ákvæði um fjárkröfur, sem falla á Vestmannaeyinga á tímabilinu 23. janúar til 22. febrúar. Skal gjalddaga þeirra frestað til 23. febrúar.

HÁSKÓLABÍÓ Í KVÖLD...

STÓRSKEMMTUN Í KVÖLD KL. 9 TIL STYRKAR VESTMANNAEYINGUM

Skemmtikraftar kvöldsins:

- | | | |
|-------------------------------|------------------------|----------------------|
| 1. Lítið eitt | 6. Náttúra | 10. Gísli og Júlíus |
| 2. Þorvaldur Halldórsson | 7. Guðrún Á. Símonar | 11. Ómar Ragnarsson |
| 3. Jörundur og Jón Gunnlaugs. | 8. Guðbergur Auðunsson | 12. Haukur Snorrason |
| 4. Kristín Lilliendahl | 9. María Llerena | 13. Jónas og Einar |
| 5. Ríó tríó | | |

Gestir kvöldsins:

- Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn og frú.
 Borgarstjóri, hr. Birgir Ísl. Gunnarsson.
 Biskup Íslands, hr. Sigurbjörn Einarsson.
 Will Perry, almannavarnasérfræðingur Sameinuðu þjóðanna

MIDASALA:

Bókaverzlun Lárusar Blöndal, Bókaverzlun Ísafoldar, Pennanum í Hafnarstræti og við innganginn

ÖLL VINNA GEFIN

EYJABÚAR BJARTSÝNNI Á FRAMTÍÐINA

Búið að tæma 800 hús af 1100 í Eyjum

Frá fréttamanni Þjóðviljans í Vestmannaeyjum, Sigurdóri Sigurdórssyni, um hádegi.

Gosið í Heimaey var með minna móti í morgun. Þá var hér all hvöss norðaustan-átt og stóð reykurinn og öskufallið af eyjunni.

I nótt gerði suðaustan-átt um stund og féll þá nokkur aska yfir bæinn, en sú hrina stóð mjög stutt og brá fljótt til norðaustanáttar. Þjörgunarmenn unnu sleitulaust í alla nótt við að bjarga innbúi fólks og trésmíðir úr Reykjavík negldu fyrir glugga húsa um allan bæ.

Eins og sagt var frá í gær er búið að bjarga úr öllum húsum í vesturbænum, austan Skólavegar, og eru þjörgunarmenn byrjaðir að færa sig vestur eftir bænum. Þó er búið að tæma þar mörg hús. Það hafa eigendur gert sjálfir og er gízkað á að nú sé búið að tæma yfir 800 hús af þeim rúmlega 1100 húsum, sem eru hér í Eyjum.

Sögðu forsvarsefni Almannavarna og Vestmannaeyjabæjar í morgun, að sennilega tæki fjóra daga í viðbót að tæma öll hús í Eyjum, ef gott veður héldist og einnig væri hægt að fljúga. Þess má geta, að engar skemmdir urðu af elsvoðum í Eyjum síðastliðinn sólarhring.

Engar breytingar hafa orðið á rennsli hraunsins, en það mun nú vera orðið rúmlega kílómeters langt og hefur það runnið allan tíman svipaða stefnu í austurátt.

Á mánudagskvöldið og aðfaranótt þriðjudagsins komu

hingað um 180 þjörgunarmenn til að leysa af 105 mönnum, sem voru sannarlega orðnir hvíldar þurfi, enda hafa þjörgunarmenn ekki unnt sér neinnar hvíldar, en unnið dag og nótt.

Esja fór til Þorlákshafnar á mánudagskvöldið en Hekla kom til Eyja stuttu síðar og von er á Herjólf frá Reykjavík í dag.

Hingad komu í morgun flugvélar, — frá Fragtflugi til að taka búslóðir, sem verið hafa geymdar í barnaskólahúsinu, en þar eru geymdar 30 til 40 búslóðir, sem bjargað var úr austurbænum á sínum tíma.


Þá kom flugvél frá Flugfélagi Íslands til að taka tæki og lager F.Í. hér í Eyjum. Verða flugvélar notaðar til flutninga meðan hægt er að fljúga.

Þess má geta að mjög gott er að lenda á flugvælinum.


Ég fór í morgun út á Stórhöfða. Sunnan megin á eyjunni hefur lítið öskufall orðið frá því að gosið hófst. Uppi á Stórhöfða merkir maður vart ösku og var þar í morgun verið að undirbúa að koma fyrir jarðsigismælitækjum. Önnuust það menn frá Orkustofnuninni ásamt Eysteini Tryggvasyni, prófessor við háskóla í Oklahoma í Bandaríkjunum. Hefur Eysteinn verið hér undanfarn sumur og annazt jarðsigismælingar hér á landi. Annaðist hann meðal annars jarðsigismælingar á Surtsey á sínum tíma.

Kom Eysteinn gagngert frá Bandaríkjunum til þess arna og ber kostnað sjálfur af þessari ferð.

Hér í Eyjum eru núna um 400 menn, sem vinna þjörgunarstörf skipulega, en auk þess er margt hér af heima-



Nú er búið að tæma 800 hús af 1100 í Eyjum. Gámur á vörubili í Eyjum.



Rúður brotna af vikurgjöti og vikurinn hlebst upp. Allt að þriggja metra vikurlag er nú í austurbænum.

mönnum, sem eru að bjarga sínum búslóðum.

Finnst manni hljóðið hafa breytt í mönnum og eru þeir

nú flestir bjartsýnni á framtíðina en fyrr.



Ivar Eskeland. Hann er nú deildarstjóri í Menningarstofnun Norðurlanda í Kaupmannahöfn.

„Það sem við Norðmenn ættum að koma inn í höfuðið á okkur er þetta, að með útfærslu fiskveiðilögsögunnar eru Íslendingar að vinna fyrir okkur um leið, ef til langs tíma er lítið. Fyrr heldur en síðar hljótum

Íslendingar vinna líka fyrir Norðmenn

segir Ivar Eskeland í drengilegri málsvörn fyrir landhelgisbaráttu okkar í norsku blaði

við að gera ráðstafanir til að vernda fiskiaudlindir okkar á allt annan hátt en við nú gerum. Ennþá er því svo háttáð, að eina færa leiðin er sú íslenska — einhliða útfærsla. Hvort sem okkur líkar betur eða verr?.

Norðmaðurinn sem tekur svo myndarlega málstað Íslendinga í landhelgis málinu er góðkunningi okkar, Ivar Eskeland, fyrrum

forstjóra Norræna hússins í Reykjavík. Hann ritaði stutta en snarpa grein um málið í norska blaði Verdens gang um miðjan janúar. Þar sagði hann frá því að Íslendingar hefðu orðið fyrir vonbrigðum með atstöðu (eða afstöðuleysi?) Norðmanna gagnvart þessu mikilsverða máli. Því það hefði vissulega mátt ætla, að Norðmenn sæju hagsmuni sína fólga í því að líftörunni sé haldið í þorskinum.

Rányrkja er staðreynd á miðunum við Ísland og í Norður-Atlanthafi, segir Eskeland. Síðin var veidd upp, og eftir það hafa menn kastað sér yfir löðnuna, sem ekki hefur þó annað til saka

enn vilja synda í ginið á þorskinum! „Að undanförun hefur þorskurinn sjaldan fengið frið til að hrygna nema einu sinni, stundum ekki einu sinni það, áður

en hann er veiddur. Ekkert bendir til, að þorskurinn geti fengið þann frið sem honum ber, nema hafsvæðin séu sett undir lögsögu einnar og sömu þjóðar“.



bankinn er bakhjarl
BÚNAÐARBANKINN

ERU ENGIN TAKMÖRK?

Þvi hefur verið haldið fram, að ríkisstjórnin hafi neitað aðstoð hersins á Keflavíkurlugvelli við björgunarstörf í Vestmannaeyjum.

A alþingi í fyrradag var því lýst yfir afdráttarlaust af ráðherrunum Ólafi Jóhannessyni og Lúðvík Jósepssyni, að þessi rögsaga væri tilhæfulaus með öllu. Um mæli ráðherranna hafa afdráttarlaust verið staðfest í fjölmiðlum af forstöðumönnum almannavarnaráðs, þar á meðal Pétri Sigurðssyni, forstöðumanni landhelgisgæzlunnar, og Sigurjóni Sigurðssyni, lögreglustjóra. gæzlunnar, og Sigurjóni Sigurðssyni, lög- reglustjóra.

Engu að síður halda leiðarhöfundar Alþýðublaðsins og hinn kotroskni „sérfræðingur“ Morgunblaðsins í málefnum Vestmannaeyja áfram að tyggja þessa rögsögu og síðast í gær.

Hermaður af Keflavíkurlugvelli, sem lendir í slysi í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum, fær að sjálfsgöðu aðhlyningu íslenskra aðila, og skiptir þá engu máli, hvort þeir aðilar vilja Ísland herlaust eða ekki. — Á sama hátt hljóttum við, er náttúruhamfarir dynja yfir, að nýta þau tæki til bjargar, sem fyrir hendi eru í landinu, hvort sem þau eru á Keflavíkurlugvelli eða annars staðar. Engum hefur dottið annað í hug.

Hitt er svo annað mál, að við björgun í Vestmannaeyjum hefur hlutur hersins ekki skipt neinum sköpum.

En það er sýðblindir menn eða blindir af heiftaræði, sem halda því fram, gegn skýlausum yfirlýsingum allra, sem nálægt hafa komið — þar á meðal Sjálfstæðisflokksmannanna í sæti lögreglu-

stjórnans í Reykjavík og sæti forstjóra Landhelgisgæzlunnar, að íslenska ríkisstjórnin hafi skipað almannavarnaráði, að

„GJAFIR ERU YÐUR GEFNAR“

Utanríkisráðherra Breta hefur skýrt frá því í brezka þinginu, að dregið hafi úr aðgerðum íslensku varðskipanna gegn veiðibjófum í landhelgi okkar nú síðustu dagana.

Segir hann ástæðuna sennilega vera þá, að Bretar hafi boðizt til að hjálpa Íslendingum vegna eldsumbrotanna í Vestmannaeyjum.

„Gjafir eru yður gefnar“ — Íslendingar. Þjóðviljinn vill vekja athygli brezka utanríkisráðherrans og þeirra aðila inn- lands og utan, sem líkt kynnu að hugsa, á því, að réttur okkar í landhelgisráðinu verður ekki af hendi látinn fyrir einn baunadisk eða fleiri.

Bretar mega um sinn hælást um yfir ótrufullum veiðibjófnaði meðan eldurinn kann að binda íslensk varðskip við önnur störf — þeirra sjálfra er að vegna og meta sámd heimsveldisins. En dagur kemur eftir þennan dag.

Morgunblaðs-johnsen segir reyndar, að íslenska ríkisstjórnin hafi af skömm sinni hafnað þúsundum miljóna frá erlendum stórveldum. Þessi orð standa á 10. síðu Morgunblaðsins í gær. Þau eru sett þar inn á ábyrgð ritstjóra blaðsins, þó að skýlaus yfirlýsing liggi fyrir frá ríkisstjórninni um það, að engri erlendri aðstoð hafi verið hafnað.

Einn rögreri á síðum Morgunblaðsins er í sjálfu sér ekki nýmæli, en við núverandi aðstæður eru slík skrif þjóðarskömm.

hafna einni eða annarri aðstoð við björgunarstörf.

Og þess skal krafizt hér, að þeir flokkar, sem vinna vilja að þjóðarsamtöðu á svo alvarlegum tímum, víti slík skrif í eigin málögnum.

Forsætisráðherra Íslands hefur sagt á alþingi að á þessu ári verði að afla a.m.k. 2000 miljóna króna til að axla sameiginlega byrði þjóðarinnar vegna jarðeldanna, og er þá ekki reiknað með að verr fari en þegar er orðið.

Sú aðstoð, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur boðið og verið þegin, er 2,5 miljónir króna, eða rúmlega 0,1% af þessari upphæð, en frá ríkisstjórn Vestur-Þýskalands hafa borizt 3 miljónir, eða 0,15%. Um upphæð frá Bretum er Þjóðviljanum ekki kunnugt.

Látum slíkar upphæðir liggja milli hluta, og auðvitað er sjálfsagt að leita eftir erlendu lánsfé með hagstæðum kjörum til uppbyggingar, en tölurnar sýna e.t.v. einhverjum hversu ófjárfari öllum veruleika þau skrif Morgunblaðsins eru, sem ætla að leysa okkar þjóðarvanda með erlendu gjafafé — þar sem „Vestmannaeyingar vilja ekki verða betillýður á Íslandinum“, eins og svo smekklega er komizt að orði.

Það er hart að þurfa að benda Morgunblaðsmönnum á, að Vestmannaeyingar eru Íslendingar, og hér sæma þau orð ein, sem sögð voru á fyrsta degi jarðeldanna, — að það sem á einn er lagt, það er lagt á alla.

Vonandi ber Morgunblaðið gæfu til að leggja til hliðar að sinni slíkt betlipvaður, áður en fullhraustir menn í landi taka uppsölu.

Gils Guðmundssonar við upphaf fundar í neðri deild alþingis:

Allir innan þjóðarfjölskyldunnar leggist á eitt

Gils Guðmundsson, forseti neðri deildar, mælti nokkur orð við upphaf

deildarfundar í fyrradag en það var fyrsti fundur deildarinnar eftir áramót

og um leið eftir atburðina í Vestmannaeyjum. Gils Guðmundsson sagði:

„Þegar almenn þingstörf hefjast nú að nýju er hugur okkar allra bundinn við þá ógnbrungnu atburði sem gerzt hafa og eru að gerast í úti í Vestmannaeyjum. Undir slíkum kringumstæðum finnur maður vissulega hversu vandfúndin eru hin réttu orð til að tülka það, em inni fyrir byr — og hversu orðin ein eru máttvana. Þó finnst mér vart mögulegt að hefja hér hversdagsstörf á þann veg að láta sem ekkert sé. En fjólyrt skal ekki að sinni. Á þessum stað og þessari stundu vil ég einungis láta í ljós þá ósk mína og von að Alþingi megi bera gæfu til að eiga sem fyllstan og bestan hlut að lausn þeirra margvíslegra vandamála, sem upp eru komin og upp koma vegna náttúruhamfaranna — þeirra sem í mannegu valdi stendur að leysa. Af viðræðum við fólk úr öllum flokkum

ad vinna að stuðningi við uppbyggingu og lausn efnahagsvandans.

Það er okkur öllum hér ómetanlegur styrkur og uppörvun að vita um útréttá hjálparhendi þingmanna og annarra á Norðurlöndum og mun sá stuðningur með þökkum þegnum, sem í té verður látinn.

og af ýmsum stéttum er ég þess fullviss að landsmenn vilja, að nú um sinn þóki um set dægurþras og rigur og allir innan hinnar íslensku þjóðarfjölskyldu leggist á eitt.

Í góðu trausti þess, að með þeim hætti verði að málum stabið og í slíkum anda unnir hér í þingsölu mynd eg háttvirta þingdeildarmenn velkomna til starfa.“



Gils Guðmundsson

Kveðja frá finnskum, dönskum, norskum og sænskum þingmönnum

og svar forseta alþingis

Forseti Alþingis hr. Eysteinn Jónsson Reykjavík.

Danskir, finnskir, norskir og sænskir þingmenn, komnir saman í Helsingfors í sambandi við ráðstefnu Alþjóðþingmanna-sambandsins um samstarfs- og öryggismál Evrópu, vilja láta í ljós samúð sína með hinum mörgu Íslendingum, sem hafa orðið fyrir þugnu áfalli vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.

Við vonum af heilum hug, að náttúruhamfarirnar verði ekki viðtækari en orðið er og að afleiðingum þeirra fyrir íbúa Vestmannaeyja og efnahag landsmanna geti þrátt fyrir allt orðið

takmörk sett. Við munum reyna að vinna að því hjá ríkisstjórnunum landa okkar, að Íslendingum verði veitt sú aðstoð, sem þörf reynist á, til að byggja upp aftur og bæta fjárhagslegt tjón.

Fyrir hönd sendinefndanna
ALSING ANDERSEN (Danmörk)
KNUT FRÖDENLUND (Noregi)
JOHANNES VIROLAINEN (Finnland)
KAJ BJÖRK (Svíþjóð)

Svarskeyti Eysteins Jónssonar, forseta Sp.:

Þakka innilega samúðarskeyti yðar vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og fyrirheit um

13% söluaukning hjá Sementsverksmiðjunni

Á s.l. ári seldi Sementsverksmiðja ríkisins 128.572 tonn af sementi. Af þeirri upphæð fór 3.745 tonn til virkjanafarmkvæmda á Norður- og Austurlandi, en þetta sement var framleitt úr innfluttu sementsgjalli. Þá fóru 7.524 tonn í nýja Vesturlandsveginn. Til húsbýgginga og allra annara steypufarmkvæmda hafa því verið notuð 117.303 tonn af sementi á árinu.

Á árinu 1971 nam salan alls 114.001 tonn og er því salan 1972 um 13% meiri en árið áður. Árið 1971 voru seld 6.072 tonn til virkjanafarmkvæmda og 1984

tonn fóru í nýja Vesturlandsveginn á því ári.

Til húsbýgginga og allra annara steypufarmkvæmda hafa því farið 105.945 tonn af sementi á árinu 1971.

Á s.l. ári voru flutt inn alls 12.207 tonn af dönsku sementsgjalli. Hluti af því var keypt vegna virkjanafarmkvæmda en annað keypt vegna þess að birgðir f.f. ári og eigin framleiðsla af sementsgjalli var ekki nægileg til þess að anna eftirspurn eftir sementi.

(Frá Sementsverksmiðju ríkisins)

Um miðjan dag á sunnudag var sjónvarpsþáttur í Bretlandi („Weekend World“) um landhelgismálið, til að kynna sjónarmið Íslendinga og vinna þeim samúð almennings. Þeir Íslendingar tóku þátt í umræðum sem sjónvarpað var beint; þeir Jónas Arnason alþingismaður, Loftur Júlíusson form. öldunnar og Már Elísson fiskimálastjóri. Sínd var kvikmynd frá Íslandi og Íslandsmiðum með viðtölum við nokkra málsmetandi menn á Íslandi. Ted Willis lávarður tók þátt í umræðunum og hélt mjög drengilega fram málstað Íslendinga.

Þættinum var endurvarpað um allt Bretland og áætlað er að ekki færri en 4 milljónir manna hafi séð hann.

Þjóðviljinn náði sambandi við einn þeirra sem vinna að þættinum og spurði um álit hans. Greip hann til knattspyrnumáls og sagði Íslendinga hafa unnið með svona 6 gegn 2 til 3. Síðan hefur blaðið einnig rætt við Jónas Arnason.

Kvikmyndin sem brezku sjónvarpsmennirnir tóku hér er mjög jákvæð fyrir málstað okk-

Bezta kynning á málstað okkar í Bretlandi

Í sjónvarpsþætti á sunnudaginn var, hefur Jónas Arnason eftir kunnugum í Bretlandi

ar. Í upphafi var megináhrsla lögð á það áfall sem við höfum orðið fyrir vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og myndir sýndar þaðan en síðan voru t.d. viðtöl við ráðherrana Lúðvík Jósepsson og Einar Agústsson, en auk þess við Jónas Arnason, Jakob Magnússon fiskifræðing og togaraskipstjóra.

Þarna vantaði ekki harðvítuga andstæðinga í sjónvarpsal. Fremstur í flokki var Austen Laing, framkvæmdastjóri Sambands togaræigenda,

James Johnson þingmaður frá Hull, en einnig togarameinn frá Hull, ekki sízt sjómenn sem þóttust hafa orðið fyrir hnaski af hálfu varðskipanna okkar á Íslandsmiðum. Fundurinn var stundum ekki ósvipaður þeim í Aberdeen í fyrra, mikið um frammiöll og harðar spurningar. Ekkert minnst Bretar á Haag-dómstólinn en þeim mun meira töludu þeir um viraklippingarnar og töldu Íslendinga lægst að sér með klippurnar að övörum, jafnvel í þoku! „Þið

hljótið þó að hafa radar“, sagði þá stjórndandinn, Peter Jay. Jónas sagði:

— Okkar góði viti, leikritaskáldið Ted Willis lávarður, sagði það hreint út, að Bretar hefðu átt að viðurkenna nýju fiskveiðimörkin í fyrra og semja við Íslendinga með friði, þá hefði verið unnt að gæta hagsmuna þrekkra sjómanna og fiskneytenda. Urðu þá Hull-ararnir reibr. Síðan ræddi Ted Willis einnig um gosið í Vest-

manneyjum og sagði að mannfjöldi hinnar nú yfirgefnu eyjar samsvaraði íbúafjölda borganna Liverpool og Bristol, nema hvað Vestmannaeyjar væru efnahagslega miklu þýðingarmeyri að tillögu en þessar borgir. — Mér finnst ástæða til þess að íslenzkur almenningur og íslenzk stjórnsvald þakki þessum mæta Íslandsvin líðveizluna, því hún er ómetanleg, sagði Jónas. Heimilisfang hans er: 5 Shepherds Green, Chislehurst, Kent, England.

Ted Willis er annars nýkominn frá Astrallu, þar sem hann var vini sínum, Gough Whitlam, til aðstoðar við skipulagningu hinnar sigursælu kosningabaráttu. Segja má, að hann eigi sinn þátt í því að Astrallia snerist til fylgis við auðlindatilögu okkar á allsherjarþingi Sameinudu þjóðanna, en hafði áður verið henni mótsnúin í nefnd. Willis hefur hug á því að koma til Íslands og fá að vera með íslenzku skipi í nokkra daga.

Einnig hefur hann áhuga á að efna til fundar með starfsbræðrum sínum í lávarðadeildinni og kynna þeim málstað okkar, en til þess þarf hann að sjálfsgögu einhverntílitstyrk af hálfu Íslendinga.

Að lokum sagði Jónas okkur að ýmsir blaðamenn hefðu haft samband við þá félag og innt þá eftir ýmsu í sambandi við landhelgismálið. Voru þetta blaðamenn frá Times, helstu blöðunum í Hull og Grimsby, sérstökum málögögnum sjávarútvegsins eins og Fishing News, auk þess frá fréttastofum.

Hægt að nýta Þorlákshöfn betur

Trollbátar losi um miðjan dag — netabátar á kvöldin og nóttum

Ætlunin var að gera út 77 báta frá Eyjum í vetur og hefur verið unnið að því að koma þessum bátum fyrir í verstöðvum frá Stokkseyri um Reykjanes til Reykjavíkur.

Eyjasjómenn sjálfir leggja mikið upp úr að fá aðstöðu í verstöðvum sunnan Reykjanes til þess að geta sótt þau mið á vetrarvertíð, sem þeir þekkjá frá fornu fari.

Helmingur Eyjabáta ætlaði að fara á troll og þar af ætluðu nokkrir að reyna við loðnutroll framan af vertíð og taka síðan upp togveibar á Víkinni. Eru nú allar líkur til þess að togveibátarnir hætti við loðnutrollið og snúi sér í staðinn að þorska- eða úfsatrolli.

Þá er vitað að 12 stórir bátar ætluðu á loðnuveibar með hringnót framan af vertíð og byrjuðu síðan á netum á ofanverðri vertíð. Er ekki annað vitað en þessir bátar fari á loðnuveibar.

Það hefur komið í ljós að 11 Eyjabátar ætla að stunda netaveibátt á vertíðinni. Eiga þeir raunar net í sjó og hafa sumir vitjað neta sinna frá því eldgos byrjaði og lagt aflann aðallega upp í Þorlákshöfn.

Fulltrúar hafnarnefnda í verstöðvum sunnan Reykjanes hafa komið saman ásamt verkfræðingum frá Vita- og hafnarmálaskrifstofunni og nefnd stjórnsvalda — og sýnist vera hægt að koma upp aðstöðu til bráðabirgða í Grindavík fyrir 20 til 30 báta til viðbótar. Verði þá Hákur látinn grafa þegar upp úr austurhöfninni í Grindavík og byggð þar trebryggja á skömmum tíma.

Þá hefur komið fram að hægt er að fá meiri nýtingu út úr höfninni í Þorlákshöfn með beinum tilskipunum hafnarýfirvalda. Hér er um landshöfn að ræða og myndi hafnarstjórnin fá meira valdsvið en áður. Bátseigendur verða þá að sæta tilmælum um hvenær bátar eigi að yfirgefa höfnina — og hvenær bátar fái að landa. Þannig er trollbátum ætlað að losa um miðjan dag, en netabátar losi fremur á kvöldin og nóttunum. Vandamáli kemur hins vegar upp í ógæftum.

Skipstjórar á Eyjabátum gera sér grein fyrir þessu. Hafa sumir haft við orð að leita þá vars undir Eyjum, ef þeir þurfa að yfirgefa höfnina.

Fáir útgerðarmenn í Eyjum hafa leitað eftir aðstöðu í Höfn í Hornafirði. Er þetta merkilegt af því að netabátar sækja austur á bóginn en líða tekur á vetrarvertíðina og leggja þá net á miðum, er Hornarfjarðarbátar sækja á vertíð.

Eyjasjómenn telja eina skipulagsveillu hafa komið fram í búferlaflutningum frá Eyjum.



Í fyrradag voru systurskipin Surtsey og Heimaey við bryggju í Reykjavík. Þau voru að losa veibárfari og annan varning frá Vestmannaeyjum. Þessi skip voru bæði í slipp á Akureyri er gosið brauzt út, en þau eru bæði smíðuð í Slippstöðinni á Akureyri. Skipin fara sennilega fleiri ferðir til Eyja en síðan fara þau á veibar og leggja þá upp í Reykjavík eða Keflavík. Einar Sigurðsson mun um sinn gera út báta sína frá þessum höfnum. (Ljós m sj)

Hefur megnið af flota Eyjanna staðið í þessum búslóðflutningum í stað þess að skipuleggja flutningaskip á vettvang með gáma í upphafi. Margir skipstjórar á Eyjabátum eru búnir að tapa niður tímaskyni — enda verið að dag og nótt í fimm sólarhringa.

Þessir menn eru orðnir úrvinda og þurfa að hvíla sig. Þannig er ekki hægt að gera ráð fyrir að Eyjabátar byrji almennt róðra fyrr en í næstu viku frá verstöðvum á Suðurnesjum.

En hvenær fara loðnubátar til veiba?

Síðari hluta dags í gær fóru loðnubátar frá Eyjum fyrirvaralaust til Eyja til þess að bjarga búslóðum manna.

Mikilsvert er að hagnýta afkastagetu frystihúsanna á höfuðborgarsvæðinu og skipuleggja flutninga á fiskinum frá þeim höfnum á Suðurröndinni, sem leggja bezt við miðum Eyjasjómanna.

EKKI er annað vitað en frystihúsaegendur sjálfir hafi fullan hug á því að senda eftir

afla bátanna til dæmis til Þorlákshafnar. Er óþarfi á þessu stigi að ræða sérstaklega um styrki frá ríkinu í sambandi við þá flutninga.

Þá er mest um vert að huga að því þjálfaða vinnuafli Eyjanna sjálfra er hafa komið sér fyrir og munu koma sér fyrir á höfuðborgarsvæðinu, — eða í Ölfusborgum og öðrum plássum nærlendis við verstöðvarnar.


Engir kunna betur til verka í frystihúsum eða saltfiskverkunarstöðvum. g.m.




ÆTLA AÐ VERA VESTMANNA- EYINGAR ÁFRAM

Þrátt fyrir eðlilegan óhug og dapurleika yfir því, hve náttúran hefur nú leikið þá grátt, eru margir, bæði ungir og aldnir, ákveðnir í að snúa heim aftur, svo fljótt sem auðið er. — Við komum aftur, þegar gefur, sagði Sigfús Kristjánsson (á myndinni til hægri), sem aðeins gat tekið það með sér í land, sem hann gat borið tveim höndum, því engan hafði hann bilinn til að flytja meira dót og treysti sér ekki í margar gönguferðirnar austur í bæinn frá Friðarhöfninni, lengst í vestri.


Og Þorkell Guðfinnsson, ungi maðurinn á myndinni til vinstri, var enn ákveðnari í orði: — Við grófum upp hvert hús og hvern garð og reisum allt að nýju. Við ætlum að halda áfram að vera Vestmannaeyingar.



Vikurinn hylur húsið nærri því alveg og umferðarmerki rétt stendur upp úr vikurlaginu, en stöngin, sem það ber uppi, er farin á kaf. — Mynd S.dór.



Undir þeim hraunhólum, sem hér sjást fremst á myndinni, dyljast hús, eða það sem einu sinni voru hús en enginn veit nú hvernig farin eru. Búið var að bjarga mestum hluta innbús úr þessum bústöðum áður en þeir urðu óskunni að bráð. (Ljósm. vh)



Ekki verður vegað salt og rólað á næstunni í Vestmannaeyjum og standa nú leiktækin auð og yfirgefin og hálfgráfin í gjall við barnaheimilið að Sólu. (Ljósm. vh)



Sængurföt og nauðsynlegasti fatnaður borinn um borð í Hekluna. (Ljósm. vh)



Vikrinum sópað af áður en billinn fer um borð (Ljósm. vh.)

Leiðrétting

I afmáliskvefju Þjóðviljans í gar til Skúla á Ljótunnarstöðum varð sú leiða villa, að sagt var: „Kona hans er Þuríður Guðjónsdóttir“. Þarna átti að standa — var — því að Þuríður lézt árið 1963.

Stjórnvöld

Framhald af bls. 1.

hefði þegar á fyrsta degi náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum falið almannavarnaráð yfir-stjórn björgunarstarfanna þar, en almannavarnaráð skyldi þó hafa samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja um fyrirkomulag þeirra. Hefði almannavarnaráð farið að óskum bæjarstjórnarinnar, ma. um hraða á brottflutningi verðmæta frá Vestmannaeyjum, en bæjarstjórn hefði lagt til, að fyrst yrði aðeins leyft að flytja burt fatnað og aðrar persónulegar nauðsynjar, þar til séð yrði, hvernig gosinu yndi fram, en síðan bila og loks húsmuni ur þeim húsum, sem talin væru í hættu, en hinsvegar bannað, að atvinnutæki yrðu flutt burt.

Almannavarnaráð hefði tekið tillit til þessara óska bæjarstjórnar, enda hlutverk þess fyrst og fremst að tryggja öryggi mannlifa, sögðu þeir Pétur og Ólafur Volter, og af þeim ástæðum hefði ráðið viljað takmarka þann fjölda manna, sem leyft yrði að dveljast í Eyjum, við möguleikana, sem fyrir hendi hafa verið á að koma fólkinu burt aftur á mjög skömmum tíma með fullu öryggi, ef gosið breytir sér eða voveifir geta-burðir gerðust skyndilega.

Þessvegna, fyrst og fremst, hefðu þyrlur hersins í Keflavík og Landhelgisgæslunnar ekki verið notaðar til flutninga eftir að búið var að flytja alla sjuka og farlana til lands. Ekki hefði þótt rétt að nota þyrlurnar til flutninga á búslóðum eða öðrum varningi, þaræð þær væru viðkvæm tæki, og sérstaklega væru vélar og tæki þyrlanna viðkvæm fyrir óskufalli, gjalli og vikri og gætu laskast eða eyðilagzt gjörsamlega við slátt flutninga og væru þá ekki til reiðu ef skyndilega þyrfti á þeim að halda til að flytja fólk burt, kannski slasað og sjúkt. Ef mikil áhætta yrði að tefla á þetta ef mannslif yrði skyndilega í hættu og gripa þyrfti til þyrlanna.

Því hefur verið samið um það við herinn, að þyrlur og áhafnar á þær séu ávallt til reiðu og jafnframt sé til reiðu sérstök eldsneytisflugvél, þannig að þyrlurnar gætu tekið eldsneyti á flugi og haldið áfram mannlutningum viðstöðulaust ef á þarf að halda. Bíta þessar flugvélar allar á Keflavíkurlflugvelli tilbúnar að hefja sig til flugs á sömu mínútu og mannslif verða í hættu.

Auk þessa hefur herinn á Keflavíkurlflugvelli lagt til þrjár Dakotavélar til flutninga, en þær eru of litlar til húsgagnafl. og því óhentugar, enda hefur skipakostur til þeirra verið nógur, sögðu þeir Pétur og Ólafur. Herkulesvél hersins hefði hinsvegar ekki verið hægt að nota vegna erfðra aðstæðna á flugvellinum í Eyjum og óhagstæbra veðurskilyrða.

Um björgun búslóða sögðu þeir, að ekki hefði staðið á skipakosti

til þess, og hafa bæði Esja, Hekla, Herjólfur, Laxfoss og Dettifoss verið í flutningum á varningi frá Eyjum, en Gullfoss og varðskip hafa verið fengin til að biða úti fyrir höfninni við að tryggja lif þeirra björgunarmanna, sem nú eru í Vestmannaeyjum og verið hafa 600-900 talsins. Tvær 25 tonna ýtur og tveir stórir vegheflar Vegagerðar ríkisins hafa verið send til Eyja til að halda götum opnum til flutninganna. Búið er að flytja alla fólksbíl frá Eyjum, en flutningabilur er haldið eftir til björgunarstarfa. Björgunarsveitir hafa verið sendar héðan til að leysa af björgunarmennina í Eyjum, sem orðnir eru hvíldar þurfi eftir vökur og erfði.

Vegna hættu á að höfnin lokist, ekki vegna hraunflóðs, heldur gjalls, er ekki ráðlegt að senda stór skip og djúprist inn í hana. Þessvegna ma. höfum við sótt á herinn að útvega hentugar flutningaflugvélar til að hafa tilbúnar, bæði til að auka hraðann við flutninga á varningi frá Eyjum og eins til að taka þátt í mannlutningum þaðan ef höfnin skyldi lokast. Einnig hefur flutningavél frá Fraktflugi beðið tilbúin til flutninga, en ekki hefur gefið vegna veðurs.

Herinn gegndi mikilvægu hlutverki við flutninga á sjúku fólki og farlana til lands aðfaranótt þriðjudagsins, þegar gosið hófst, og síðan hefur samvinna við hann verið eins góð og hugsanlegt er. Tam, hefur hann lagt til öflugna vatnsbyssu, sem hugsanlega gæti komið að gagni til að hafa áhrif á stefnu hraunstraumsins, ennfremur hefur herinn tilbúið sprengiefni ef á þarf að halda. Tveir slökkvibílar þaðan eru í Eyjum og sérstök flutningadeild með sjúkragögnum er tilbúin á Vellinum ef á þarf að halda. Þá hefur herinn lagt til alla flutningagáma, sem hann hafði yfir að ráða.

Hlutunum er því algerlega snú-ið við, sögðu þeir að lokum, þegar því er haldið fram, að tregðazt hafi verið við að þiggja aðstoð af Keflavíkurlflugvelli. Það er til-hæfalaust með öllu, að ríkis-stjórnin hafi hafnað framboðinni aðstoð, hinsvegar er herinn ekki betur búinn til aðstoðar almanna-vörnum á Íslandi gagnvart sli-kum náttúruhamförum en raun ber vitni.

Vinnumiðlun

Framhald af bls. 3.

möguleika og húsnæðismögu-leika. Það léttir ákaslega mikið á okkur, því við getum þá vísað beint á viðkomandi skrifstofu, eins og í Keflavík nú. Þegar svona vandræðaástan er, þá eru ákaflaga margir sem vilja hjálpa, en þá er jafnframt hætt á glund-roða.

Eg fór austur og heimsótti m. a. Hveragerði, Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyri og hafði samband við sveitarstjóra og formenn verkaldsfélaga. En þeir voru í sömu vandræðunum og við — þeir vissu ekki hvaða bátar myndu koma til þeirra. Eg frétti í gær að það væru komnir 80 manns til Eyrarbakka, og fái þeir engu báta til viðbótar, þá er þetta of mikill fjöldi. Aftur á móti eru Stokkseyringar betur settir, því að þeir hafa stækkað frystihús sitt talsvert mikið og þeir geta frekar tekið á móti fólki.

Selfyssingar vilja fá flatingsvél

— Er ekki frystihús á Selfossi? — Nei þeir eru með saltfisk-verkun þar, og þeir hafa hug á að bæta við sig, voru að reyna að fá lánaða flatingsvél ur einhverju húsinu í Vestmannaeyjum, en það er enn óafgreitt mál. Ef þeir fengu vélna gætu þeir bætt við sig tveimur netabátum og út-vegad 20-25 manns atvinnu.

— Hafa fjarlægari staðir eins og t.d. Höfn í Hornafirði og Neskaupstaður ekki komið inn í myndina ennþá?

— Það eru flest, ef ekki öll byggðarlög, búin að bjóða atvinnu og aðstoð, en það kemur enn upp sama vandamálið — fólkið vill ennþá ekki fara legna burtu en að það geti með skömmum fyrirvara komið heim aftur. Þó að margir séu búnir að gera sér grein fyrir að í Eyjum verður ekkert um að vera í vetur, jafnvel þó að gosið hætti skyndilega, halda margir ennþá í vonina.

— Verðið þið ekki áfram með þessa skrifstofu hér?

— Eins lengi og við getum. Þetta er ólaunað sjálfbodastarf og við höldum í okkur lífinu með styrk frá Rauða krossinum, en það endist ekki til eilífðarnóns. Við höfum flest fyrir fjölskyldu að sjá... kannski Alþýðusambandið eða einhverjir aðrir hlaupi undir bagga með að fjármagna þetta. Eg tel nauðsynlegt að verkalökið geti snúið sér til manna, sem gætir hagsmuna þess. sj

Loftárásir

Framhald af bls. 16.

hefst í Laos 15 dögum síðar en í Vjetnam.

Arásaraðgerðir Bandaríkja-hers í Laos hafa valdið nýjum úlfabyt í bandaríska þjóðþinginu. Formaður þingflokks demókrata í öldungadeildinni, Mike Mansfield, hefur krafði utanríkisráð-neytið um greinargerð vegna þessara auknu árása banda-rískra flugvéla í Laos.

Fríðarviðræður

Fulltrúar Pathet Lao og stjórnr-arinnar í Vientiane hlika með sér fund í dag, og er sagt að stjórnr-inn hafi lagt fram uppkast að fríðar-samningi. Samkvæmt honum eigi allt erlent herlið að yfirgefa land-ið innan 90 daga. Þá er sagt að stjórnr-inn hafi boðið Pathet Lao að gerast aðili að samsteyptjórn.

Minnisblað Vestmannaeyinga

Upplýsingar fyrir Vestmannaeyinga í Hafnarbúð-um.

- 11690 Upplýsingar um skip og farm.
- 11691 Upplýsingar um sendibíla.
- 11692 Geymslurými og sjálfboda-líðar.
- 25896 Húsnæðismál (uppl.)
- 25843 Húsnæðismál og atvinnu-miðlun.
- 11693 Upplýsingar.
- 25788 Ferðaleyfi.
- 12089 Upplýsingar um íbúða-skrána.
- 14182 Sjúkkrasamlag.
- 25788 Fjármál.
- 22203 Óskilamunir.
- 25788 Skipþorbó við allar deildir.
- 25795 Skipþorbó við allar deildir.
- 25880 Skipþorbó við allar deildir.
- 25892 Skipþorbó við allar deildir.

FRÁ B.S.A.B.

Þeir félagsmenn sem vilja koma til greina við sölu eldri íbúða hjá félaginu, á timabilinu 31. jan. — 30. júní 1973 eru beðnir að láta skrá sig á skrifstofu félagsins Síðumúla 34, sími: 33699, hvenær sem þeir óska á ofangreindu tímabili, en þó helzt sem fyrst.

BSAB Síðumúla 34.
Sími: 33699.

FRÚARLEIKFIMI RYTHMISK LEIKFIMI

Sex vikna námskeið hefst hjá félaginu um mánaðamót í Miðbæjarskóla. Innritun í síma 40067 og 14087.

Fimleikadeild í.K.



ÚTBOÐ



Tilboð óskast í smíði á 1000 sorplátum fyrir Hreinsunar-deild Reykjavíkurborgar. Útboðsgögn eru afhent í skrifstofu vorri. Tilboðin verða opnuð þriðjudaginn 20. febrúar n.k. kl. 11.00

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR

Frikkirkjuvegi 3 — Sími 25800

ÚTSALA — ÚTSALA

ULLARKAPUR
TERYLENE-KAPUR
REGNKAPUR
STÖRLÉKKAD VERD.

KAPU- OG DÖMUBÚÐIN,
LAUGAVEGI 46.

NORÐFIRÐINGAFÉLAGIÐ

Þorablót 1973

verður haldið í veitingahúsinu Útgarði í Glæsibæ föstudaginn 2. febrúar kl. 20. Aðgöngumiðar seldir í Útgarði fimmtudaginn 1. febrúar kl. 17-19. Norðfirðingar fjölmennið STJÓRNIN

ALMENNUR FUNDUR

um húsnæðismál og félagslega aðstöðu í Breiðholtshverfum verður haldinn í hátíðasal Breiðholtsskóla fimmtudaginn 1. febrúar og hefst kl. 8.30. Á fundinum mun borgarverkræðingur, Þórður Þorbjarnarson, gera grein fyrir skipulagi og svara fyrirspurnum. Safnaðarnefnd.

Fyrstu tónleikar

Síðara misseris verða í Háskólalíói 8. febrúar. Stjórnandi Miklos Erdélyi, einleikari Robert Aitken.

Flutt verður Sinfónía nr. 5, eftir Schubert, flautukonsert eftir Atla Heimi Sveinsson (frumflutningur) og Sinfónía nr. 2 eftir Brahms.

Endurnýjun áskriftarskirteina óskast tilkynnt nú þegar. Sala fer fram á skrifstofunni á Laugavegi 3, III. hæð, sími 22260.



SINFÓNÍUHJÓMSVEIT ÍSLANDS
RÍKIS TVARPIÐ

Orðsending til Vestmannaeyinga

frá Happraetti DAS og SÍBS

Afgreiðsla Vestmannaeyja-umboða DAS og SÍBS verður í Aðalumboði DAS Vesturver frá 2—6 daglega. Vestmannaeyingar eru beðnir að hafa samband við umboðin á tilgreindum tíma eða í síma 17757.

Ásta Ólafsdóttir sími 23162.

Fanný Guðjónsdóttir



Fær Tito friðarverðlaun Nóbels?

KAUPMANNAHÖFN 30/1 — Utanríkisráðherra Danmerkur K.B. Andersen, og Paul Hartling, fyrrverandi utanríkisráðherra, hafa lagt til að Josef Bros Tito, forseta Jógóslavíu, verði veitt friðarverðlaun Nóbels í ár. Tillagan berst Nóbelsnefnd norska stórfélagsins í bréfi.

Biður öryggisráðið ásjár

New York 30/1. — Fulltrúi Zambíu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hefur hvatt ráðið til að samþykkja yfirlýsingu um fordæmingu á ofbeldisáðgerðum Suður-Afríku og Ródesíu gegn Zambíu. Um leið hvatti hann Breta til að sjá svo um að 4000 manna herlið Suður-Afríku sem dvelur í Ródesíu, stjórn Ian Smiths til stuðnings, verði látið fara þaðan.

Sameiginleg landamæri Zambíu og Ródesíu eru 645 km löng, og meðfram þeim öllum hefur Ródesíustjórn ráðað herliði sínu og einnig herliði frá Suður-Afríku.

Suður-Afríkustjórn segir líð sitt vera lögregluð, en Zambíustjórn segir að hér sé um bardagasveitir úr her Suður-Afríku að ræða.

Útsendarinn í byssugný

Saigon 30/1 — Þegar Spiro Agnew, varaforseti Bandaríkjanna, kom til Saigón í dag á Asíufurðalagi sínu, kváðu við fallbyssudrunur og skotgnyr frá bardögnum í grennd við borgina. Agnew rekur erindi Nixons og ræddi við Thieu forseta Saigónstjórnarinnar. Hann fer einnig til Laos, Kambódíu, Singapóru, Indónesíu og Malasíu.

Mórðingjar á hjólum

Belfast 30/1. — Tveir kapólskir Belfastbúar voru skotnir til bana í nótt. Annar hinna myrtu var ábeins 14 ára gamall. Mórðingjarnir skutu af byssum úr bíl sem ók eftir göttunni. Einn maður særðist illa í þessari skotárás.

Stjórnarbygging skipasmíðastöðvarinnar Harland & Wolff eyðilagðist í dag, er sprengja sprakk á efstu hæðinni, en enginn maður slasaðist.

Umsátursástand í Saigón

Bardagar eru enn harðir víða í Suður-Vietnam

SAIGÓN 30/1. — Harðir bardagar geisðu enn víða í Suður-Vietnam í dag, en eitthvað hefur samt dregið úr þeim síðan í gær. Hermenn Þjóðfrelsisfylkingarinnar hafa haldið Saigónborg í einangrun síðustu dægrin með því að loka samgönguleiðum til borgarinnar.

Starfsmenn eftirlitsveitanna með vopnahlénu hafa haldið sig í Saigón og ekkert getað aðhafzt enn. Bætur styrjaldrabílar saka hvor annan um brot á vopnahléssamkomulaginu, og eftirlitsnefndin hefur ekki getað stöðvað bardaga enn sem komið er.


Vegna einangrunar borgarinnar hafa ýmsar matarbirgðir gengið til þurrðar í Saigón, og á sama tíma hefur verðlag tvöfaldazt á sumum vörutegundum. Saigónstjórnin hefur í athugun að hefja matarskömmtnun eða að reyna að koma á nauðsynjaflutningum með flugvélum til borgarinnar.

Starf eftirlitsnefndarinnar fer senn að hefjast, og ætla nefndin að halda á morgun fund með hernaðarnefnd hinna fjögurra styrjaldrabíla í Vietnam öllu,

þ.e. Norður- og Suður-Vietnam, Þjóðfrelsisfylkingarinnar og Bandaríkjanna. Til Saigón eru komnir, auk eftirlitsnefndarinnar, um 400 hermenn frá eftirlitslöndunum, Póllandi, Ungverjalandi, Kanada og Indónesíu.

Thieu tefur fyrir

Það hefur tafið starf hernaðarnefndarinnar að Saigónstjórnin hefur sett hömlur á ferðafrelsi fulltrúa Þjóðfrelsisfylkingarinnar og Norður-Vietnam. Urðu nefndarmenn frá þessum aðilum að sitja í 20 stundir á Saigónflugvelli áður en þeim var leyft að fara til starfa sinna í Suður-Vietnam. Fulltrúarnir neituðu að undirrita skjöl Saigónstjórnar um ferðalög til landsins, þar sem þeir víðukenna ekki stjórnina í Saigón.



DAGINN EFTIR undirritun friðarsamninganna var þessi mynd tekin í Suður-Vietnam. Særður suður-vietnamskur hermaður stulaust fram hjá skerulíða úr Þjóðfrelsisfylkingunni, sem hermenn Saigónstjórnar hafa bundið og pyntað til bana. Við hlið líksins er sprengiefni hrugað upp.

Vesturveldin létu undan

Hin viðkvæmu hermál verða á dagskránni

HELSINKI 30/1. — Hin svökkolluðu vestrænu ríki með Bandaríkinn í broddi fylkingar féllust í dag á kröfur hlutlausra ríkja Evrópu um að hernaðarleg málefni skuli einnig tekin til meðferðar á Öryggisráðstefnu Evrópu.

og Austurríkis sem hafa beitt sér fyrir því.

Nú eru á döfinni víðræður um fækkun í herliði vestrvaldanna og austurveldanna í Mið-Evrópu, og á ráðstefnunni í Helsinki þykir ekki lengur fært annað en tengja þau mál öryggismálum og samvinnu Evrópuríkja á ráðstefnunni vantanlegu.

Á undirbúningsfundinum í Helsinki hafa NATO-ríkin verið sérstaklega andvíg því, að hreyft væri við hernaðarmálefnum á vantanlegri ráðstefnu, en það eru einkum fulltrúar Svíþjóðar, Sviss

Bandaríkin auka loftárásir í Laos

Vientiane/Washington 30/1. — Styrjöldin í Laos hefur um árabil fallið í skugga Vietnam-stríðsins og stundum verið kölluð „stríðið gleymda“. Þessum hildarleik er enn haldið áfram af fullum krafti með mikilli þátttöku Bandaríkjanna.

Bandarískar sprengjuflugvélar, m.a. margar B-52 risa-sprengjuþotur, fóru í fjölda árásarferða bæði í dag og í fyrradag til Laos. Þá berst fjöldi bandarískra hermanna með landher stjórnarinnar í Vientiane, en þetta bandaríska lið er þjálfað og útbúið af leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA.

Gegn þessu liði berst her Pathet Lao-hreyfingarinnar, sem sögð er njóta stuðnings norður-vietnamskra hernaðarráðgjafa. Samkvæmt friðarsamningunum sem undirritaðir voru í París

á dögnum, á allt erlent herlið að hverfa frá Laos og Kambódíu, en þeim flutningum voru engin tímamörk sett, né heldur var ákveðið hvenær vopnahlé skyldi hefjast í Laos. Samkvæmt heimildum í Vientiane í Laos segir að í París hafi verið gerður leynisamningur um að vopnahlé skuli Frh. á bls. 15

Vietnamráðstefnan 26. febrúar í París

PARIS 30/1. — Alþjóðaráðstefnan sem á að vinna að tryggingu og framkvæmd friðarsamninganna um Vietnam kemur að öllum líkindum saman í París hinn 26. febrúar n.k. Ráðstefnan verður haldin í hinni alþjóðlegu ráðstefnumiðstöð í París, þar sem friðarsamningarnir voru undirritaðir s.l. laugardag. Í ráðstefnunni eiga að taka þátt fulltrúar frá Norður-Vietnam, Bandaríkjunum, Suður-Vietnam, Þjóðfrelsisfylkingunni, Kanada, Ungverjalandi, Póllandi, Bretlandi, Kína, Sovétríkjunum, Frakklandi og Indónesíu.

Bandaríkjamenn hafa verið andvígir París sem fundarstað, en hafa nú fallið á tilögur Norðurvietnama um að halda ráðstefnuna þar.

Schumann, utanríkisráðherra Frakklands, verður sennilega forseti ráðstefnunnar, sem samkvæmt friðarsamningunum skal haldast í síðasta lagi 30 dögum eftir undirritun þeirra.

Utanríkisráðherra Norður-Vietnams, Nguyen Duy Trinh, sem undirritaði samningana fyrir hönd lands síns, fór frá París í dag áleiðis til Hanoi.

37 FÓRUST

NIKÓSIU 30/1. — A.m.k. 37 manns fórust í flugslysi á norðurströnd Kýpur í gærkvöldi. Flugvélin sem fórst var af gerðinni Iljushin 18 í eigu egyptzks flugfélags. Margir farþeganna voru Evrópumenn, þeirra á meðal 15 Bretar og tveir Svíar. Sprenging varð í vélinni skömmu fyrir lendingu á Kýpur.

Frá almannavarnaráði:

70% af húsunum rýmd

Á vegum Almannavarnaráðs hefur í dag verið haldið áfram flutningum milli lands og Eyja. Hefur Fragflug farið 3 flugferðir og sú fjórða undirbúin og tveir flugvélar varnarliðsins hafa farið 4 flugferðir, við erfið veðurskilyrði. Skip Skipautgerðar ríkisins, ESJA, HEKLA og HERJÓLFUR, hafa haldið áfram flutningum, og varðskip, eftir þörfum. Unnið hefur verið að útvægum á vörubifreiðum, sendiferðabífeiriðum og


ýmsum öðrum búnaði, svo og sent óþreytt hjálparlið, m.a. hópur trésmíða og björgunarsveitir utan af landi, en 400-500 manns vinna að hjálparstarfi. Þá hafa fulltrúar Rauða krossins farið til Vestmannaeyja, að tilhlutan Almannavarnaráðs til að huga að skipulagi mótneyta þar.

Talið er, að 70% af húsum í Vestmannaeyjum hafi nú verið rýmd, og er þá að mestu lokið flutningi af svæði, sem takmark-

ast af Heiðarvegi að vestan, Hásteinsvegi að norðan, Skóla-vegi að austan og Kirkjugegi að sunnan.

Þá hefur járn verið sett fyrir glugga á suður- og austurhlíðum hús austan Heiðarvegar og Strengubúnaðar, niður að höfn, og hafa 70 trésmíðir unnið að þessu á vöktum. Um 50 menn vinna við að ryðja gjalli af húsum og 100 menn vinna á vegum lögreglunnar að björgun húsgagna.

ALÞYÐU-BANDALAGIÐ



Víðtalstími borgarfulltrúa

Víðtalstími borgarfulltrúa Alþýðubandalagsins er í dag kl. 5-6 að Grettisgötu 3.

Miðstjórnarfundur

Miðstjórnarfundur Alþýðubandalagsins er í kvöld kl. 20:30 að Grettisgötu 3. Rætt verður um aðgerðir vegna ríkisstjórnarinnar vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og önnur mál, sem nú liggja fyrir alþingi.

Umræðufundur Alþýðubandalagsins um Þjóðviljann

Fjórði umræðufundur Alþýðubandalagsins í Reykjavík verður haldinn að Grettisgötu 3 annað kvöld.

Umræðefnið er Þjóðviljinn og er Svavar Gestsson ritstjóri málshefjandi.

Fyrri fundir hafa verið mjög fjölsóttir.